

Ársskýrsla 2014

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja




Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Umhyggja - Fagmennska - Virðing

Útgefandi: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Ritstjórn, hönnun og umbrot: Þorgils Jónsson

Efnisyfirlit

Skipurit HSS	3	Sjúkrahús.....	19
Stjórn og stjórnendur	4	Ljósmeðravakt	20
Forstjóri og framkvæmdastjórn	4	Fæðingadeild	20
Forstöðumenn	4	Dagdeild F-deildar	20
Starfsmannahald	5	D-deild - sjúkradeild	21
Ársreikningur	6	Legur og þjónustuflokkar	21
Lykiltölur úr starfsemi HSS 2014.....	7	Legutími	22
Íbúafjöldi á þjónustusvæði HSS	8	Aldur legusjúklinga.....	22
Starfsemi heilsugæslu HSS 2012-2014	9	Dagdeild D-deildar	22
Starfsemi sjúkrahús 2012-2014	10	Víðihlíð	23
Heilsugæsla.....	11	Legur	23
Þjónusta heilsugæslulækna	12	Aldur sjúklinga	23
Sérfræðingar	12	Stoðdeildir.....	24
Slysa- og bráðamóttaka	13	Speglanir og smáaðgerðir	24
Læknavakt	13	Sjúkraþjálfun	24
Móttaka hjúkrunarfræðinga og sjúkral.	14	Rannsóknadeild.....	25
Spíró og EKG	14	Röntgendeild/Myndgreining.....	25
Sykursýkismóttaka.....	14	Læknaritarar	26
Sálfélagsleg þjónusta	15	Spjaldskrá.....	26
Mæðravernd.....	15	Móttaka	26
Ung- og smábarnavernd	16	Eldhús og býtibúr	26
Heimahjúkrun.....	16	Innkaupadeild	26
Skólaheilsugæsla	16	Tölvu- og upplýsingatæknideild.....	26
Heilsugæsla Grindavík	17	Upplýsingadeild	26
Móttaka hjúkrunarfræðinga.....	17	Viðhalds- og tæknideild	27
Mæðravernd.....	18	Skrifstofa fjarreiðna og upplýsinga	27
Heilsugæsluselið í Vogum.....	18		

Skipurit HSS



Samþykkt í framkvæmdastjórn HSS
29. september 2004.
Endurskoðað október 2009

Stjórn og stjórnendur

Forstjóri og framkvæmdastjórn

Forstjóri: Halldór Jónsson

Framkvæmdastjóri hjúkrunar: Þórunn Benediktsdóttir
Framkvæmdastjóri lækninga: Fjölur Freyr Guðmundsson
Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar: Elís Reynarsson

Forstöðumenn

Sjúkradeild

Bryndís Sævarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
Sigurður Árnason yfirlæknir

Heimahjúkrun

Margrét Blöndal deildarstjóri
Sigurður Árnason yfirlæknir

Víðihlíð hjúkrunardeild

Ingibjörg Þórðardóttir deildarstjóri
Fjölur Freyr Guðmundsson

Rannsóknarstofa

Sigurlaug N. Þráinsdóttir yfirlífeindafræðingur

Röntgendeild

Jórunn Garðarsdóttir yfirgeislafræðingur

Lyfjabúr

Svavar Jóhannesson lyfjafræðingur

Læknaritarar

Ásdís M. Sigurðardóttir deildarstjóri

Afgreiðsla og móttaka

Ástríður Sigþórsdóttir deildarstjóri

Sjúkraþjálfun

Sara Guðmundsdóttir yfirsjúkraþjálfari

Eldhús og bítibúr

Sigríður Magnúsdóttir yfirmatráður

Innkaupadeild

Kristjana Bergsteinsdóttir innkaupastjóri

Starfsmannastjóri

Bjarnfríður Bjarnadóttir starfsmannastjóri

Tölvu- og upplýsingatæknideild

Agnar Guðmundsson forstöðumaður

Upplýsingadeild

Þorgils Jónsson sérfræðingur

Eignir og viðhald

Hermann Ólason deildarstjóri

Heilsugæslustöð Reykjanesbæ

Snorri Björnsson yfirlæknir

Slysa- og bráðamóttaka

Íris Kristjánsdóttir deildarstjóri

Ungbarnavernd

Guðrún Guðmundsdóttir deildarstjóri

Ljósmeðravakt

Jónína Birgisdóttir deildarstjóri

Skólahjúkrun

Íris Dröfn Björnsdóttir deildarstjóri
Guðbjörg Ágústa Sigurðardóttir deildarstjóri frá 1/9

Sálfélagsleg þjónusta

Hrönn Harðardóttir, yfirhjúkrunarfræðingur

Heilsugæslustöð Grindavík

Laufey Birgisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
Snorri Björnsson yfirlæknir

Starfsmannahald

Í heildina störfuðu 377 einstaklingar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja árið 2014 í 182,5 stöðugildum.

Þegar litið er til starfsstétta sést að flest stöðugildi voru meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, eða 51,7 stöðugildi.

Starfsflokkun	Raunst.g.	Einstakl.
Hjúkrunarfr/ljósm	51,7	86
Sjúkraliðar	46,7	84
Klínískar aðstoðarstéttir	27,6	60
Aðrir	26,2	54
Læknar	19,1	61
Aðrar klínískar fagstéttir	11,2	38
Samtals stöðugildi á HSS	182,5	377

Stöðugildi HSS 2014		
Heilsugæsla Keflavík		
Læknar	12,1	
Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður	4,3	
Sjúkraliðar	1,7	
Aðrir	0,2	
Alls	18,4	
Heilsugæsla Grindavík		
Læknar	1,1	
Hjúkrunarfræðingar	2,0	
Sjúkraliðar	0,4	
Aðrir	1,3	
Alls	4,8	
Heimahjúkrun		
Læknar	0,2	
Hjúkrunarfræðingar	4,9	
Sjúkraliðar	6,7	
Aðrir	0,8	
Alls	12,7	
Slysa- og bráðamóttaka		
Læknar	0,8	
Hjúkrunarfræðingar	4,3	
Sjúkraliðar	0,2	
Aðrir	0,6	
Alls	5,9	
Ungbarnavernd		
Læknar	0,6	
Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður	3,3	
Sjúkraliðar	0,5	
Alls	4,4	
Legudeild		
Læknar	2,3	
Hjúkrunarfræðingar	18,0	
Sjúkraliðar	25,3	
Aðrir	0,2	
Alls	45,8	
Sjúkraþjálfun		
Sjúkraliðar	0,8	
Sjúkraþjálfar	1,6	
Alls	2,4	
Víðihlið		
Læknar	0,1	
Hjúkrunarfræðingar	2,5	
Sjúkraliðar	11,0	
Aðrir	8,2	
Eldhús og ræsting	2,6	
Alls	24,4	
Sálfélagsleg þjónusta		
Læknar	0,5	
Hjúkrunarfræðingar	1,0	
Sálfræðingar	3,8	
Alls	5,3	
Ljósmæðravakt		
Læknar	0,7	
Ljósmæður	6,2	
Alls	6,9	
Skólaheilsugæsla		
Alls	4,0	
Rannsóknarstofa		Alls 3,6
Röntgendeild		Alls 2,8
Læknaritara		Alls 5,8
Eldhús		Alls 12,6
Innkaupadeild		Alls 2,2
Móttaka		Alls 8,0
Skrifstofa		Alls 6,3
Tölvudeild		Alls 1,4
Umsjón fasteigna		Alls 1,0
Framkvæmdastjórn		Alls 3,7
Stöðugildi á HSS alls		182,5

Ársreikningur

Ársreikningur 2014

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	<u>2014</u>	<u>2013</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	203.884.801	188.928.656	168.400.000
Gjöld samtals.....	2.214.526.676	2.175.431.848	2.204.638.080
Framlag úr ríkissjóði.....	2.036.238.080	1.964.800.000	2.036.238.080
Hagnaður/tap ársins.....	25.596.205	-21.703.192	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	92.837.269	67.599.273	
Skuldir samtals.....	133.325.336	133.683.545	
Höfuðstóll í árslok.....	-46.530.543	-72.126.748	
Annað eigið fé.....	6.042.476	6.042.476	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-44.994.356	-97.394.222	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

09.04.2015

Lykiltölur úr starfsemi HSS 2014

Árið 2014 þáðu alls 22.089 einstaklingar þjónustu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.



Það er nokkur fækkun frá fyrra ári, en getur mögulega helgast að nokkru leyti af breytingum í sjúkraskrárkerfinu Sögu sem heldur utan um starfsemistölur. Hins vegar liggur einnig fyrir að samskiptum á heilsugæslu HSS fækkaði milli ára og sökum erfiðleika við læknamönnun fækkaði viðtölum lækna á dagvinnutíma.

Á sjúkrasviði fækkaði legudögum á D-deild en starfsemi í Víðihlíð var svipuð milli ára. Fjölgun varð á fæðingum á ljósmæðravakt HSS.

- **Heildarsamskiptum á heilsugæslu fækkaði milli ára úr 110.348 niður í 103.565.**
- **Viðtölum lækna á dagvinnutíma fækkaði úr 16.437 niður í 11.136.**
- **Komur á læknavakt HSS stóðu í stað milli ára í rúmlega 19.000.**
- **Komum á slysa- og bráðamóttöku fjölgaði verulega, úr 9.060 í 11.429, þar sem munar mest um komur vegna bráðaveikinda. Þeim fjölgaði úr 2.922 í 5.624.**
- **Samskiptum á hjúkrunarmóttöku í Keflavík fjölgaði úr 11.750 upp í 12.701.**
- **Samskiptum í sálfélagslegri þjónustu fjölgaði úr 4.857 upp í 6.154**
- **Vitjunum í heimahjúkrun fjölgaði verulega. Úr 26.454 upp í 29.718.**
- **Á heilsugæslunni í Grindavík stóð fjöldi samskipta hér um bil í stað, bæði hjá læknum, þar sem voru um 2.500 komur, og hjá hjúkrunarfræðingum þar sem samskiptin voru um 1.500.**
- **Komur til lækna í Vogum stóðu svo til í stað á milli ára. Þær fóru út 255 í 245.**
- **Heildarlegudögum á sjúkrahússviði fækkaði úr 18.075 í 16.693 árið 2014.**
- **Legudögum á D-deild fækkaði úr 11.236 niður í 9.472.**
- **Fæðingum á ljósmæðravakt fjölgaði úr 84 árið 2013 í 104 árið 2014.**

Íbúafjöldi á þjónustusvæði HSS

Í upphafi árs 2014 voru íbúar á þjónustusvæði HSS alls 21.560, sem er fjölgun upp á 1,7% frá fyrra ári. Íbúafjöldi á Suðurnesjum hefur haldist nokkuð jafn síðustu ár, og frekar dregist saman en hitt, en nú er áberandi stökk upp á við í þeirri þróun.



Starfsemi heilsugæslu HSS 2012-2014

Heilsugæsla	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja			Breyting %
	2014	2013	2012	2012-2014
Viðtöl	63.216	67.242	66.373	-5%
Símtöl	26.953	26.119	22.886	18%
Vitjanir*	922	26.290	28.033	-97%
Færslur án samskipta*	10.668	6.547	3.082	246%
Annað*	1.806	13.561	10.170	-82%
Alls	103.565	139.759	130.544	-21%
Læknáþjónusta á heilsugæslu				
Viðtöl lækna á dagvinnutíma	11.208	16.439	12.217	-8%
Símtöl á dagvinnutíma	12.828	15.050	11.733	9%
Viðtöl á læknavakt - síðdegi og helgar	19.330	19.220	22.472	-14%
Móttaka hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða				
Viðtöl	7.132	7.987	6.867	4%
Símtöl	7.122	5.344	5.077	40%
Slysa- og bráðamóttaka				
Veikindi	5.624	2.922	2.714	107%
Slys	3.890	5.306	3.928	-1%
Símtöl	979	639	350	180%
Endurkomur	813	135	162	402%
Vottorð	47	17	36	31%
Vitjanir	27	22	17	59%
Alls	11.380	9.041	7.207	58%
Mæðravernd				
Viðtöl	2.591	2.709	2.443	6%
Fjöldi kvenna	491	481	519	-5%
Ung- og smábarnavernd				
Viðtöl	4.290	4.187	4.620	-7%
Vitjanir	838	722	623	35%
Heimahjúkrun				
Vitjanir	28.071	24.787	26.061	8%
Fjöldi skjólstæðinga	460	382	334	38%
Sálfélagsleg þjónusta				
Viðtöl	2.396	2.237	1.643	46%
Símtöl	2.319	2.294	2.165	7%
Hóptímar - komur	104	92	-	0%
Sykursýkisteymi				
Viðtöl	1.125	1.145	1.144	-2%
Fjöldi sjúklinga	606	521	496	22%

*Ath. samdráttur í "Annað" er vegna aukningar í rafrænum samskiptum vegna endurnýjunar lyfseðla, skönnun á sjúkraskrá eða rafrænum eyðublöðum sem berast stofnuninni. Aukning í "Færsla án samskipta" er líklegast vegna bættrar skráninga starfsmanna. Samdráttur í "Vitjanir" er vegna þess að vitjanir í heimahjúkrun eru ekki lengur taldar þarna með.


Starfsemi sjúkrahús 2012-2014

Sjúkradeildir	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja			Breyting %
	2014	2013	2012	2012-2014
Fjöldi sjúkrarúma	63	68	72	-13%
Fjöldi dvala á legudeildum	1.226	1.104	1.280	-4%
Fjöldi legudaga	16.693	18.067	16.017	4%
Meðalfjöldi sjúklinga á dag	45,7	49,7	44,4	3%
D-deild - legudeild				
Fjöldi dvala	798	715	811	-2%
Fjöldi legudaga	9.472	11.236	10.005	-5%
Meðalfjöldi legudaga	20,2	23,8	19,9	1%
Meðalnýting rýma	74%	83%	89%	
Meðalfjöldi sjúklinga á dag	26,0	31,0	28,0	-7%
Dagdeild	1.326	1.387	990	34%
F-deild fæðinga- og kvensjúkdómadeild				
Fjöldi fæðinga	104	84	113	-8%
Fjöldi dvala	391	353	431	-9%
Fjöldi legudaga	563	482	658	-14%
Meðalfjöldi legudaga	1,6	1,6	1,8	-7%
Meðalnýting rýma	37%	33%	45%	
Meðalfjöldi sjúklinga á dag	1,5	1,3	1,8	-17%
Dagdeild	1.450	1.191	1.321	10%
Víðihlíð - hjúkrunarheimili				
Fjöldi dvala	37	36	38	-3%
Fjöldi legudaga	6.659	6.348	5.355	24%
Rúmanýting	91%	70%	59%	54%
Meðalfjöldi sjúklinga á dag	18,2	17,4	14,6	25%
Röntgendeild				
Fjöldi rannsókna	5.558	6.042	5.580	0%
Fjöldi sjúklinga	4.259	4.690	4.533	-6%
Rannsóknadeild				
Fjöldi rannsókna	90.144	93.532	84.824	6%
Fjöldi sjúklinga	17.699	18.170	17.006	4%
Sjúkraþjálfun				
Fjöldi meðferða	1.969	2.212	2.654	-26%
Fjöldi ferliverka	398	583	379	5%
Speglanir				
Magaspeglanir	158	235	229	-31%
Ristilspeglanir	215	232	222	-3%
Kvensjúkdómálækningar	59	65	78	-24%
Smáaðgerðir				
Fjöldi aðgerða	89	94	113	-21%



Heilsugæsla

Heilsugæslustöðvar HSS eru tvær, staðsettar í Grindavík og í Reykjanesbæ. Heilsugæslusel er í Vogum en þar er boðið upp á lækniþjónustu hálfan dag í viku.


Almenn móttaka heilsugæslunnar í Reykjanesbæ er m.a. almenn lækniþjónusta, almenn móttaka hjúkrunarfræðinga, móttaka fyrir sykursjúka, slysa- og bráðamóttaka, mæðravernd og fæðingarþjónusta, ung- og smábarnavernd, skólaheilsugæsla, næringarráðgjöf, heyrnarvernd, og sálfélagsleg móttaka.



Þjónusta heilsugæslulækna




Sérfræðingar



Slysa- og bráðamóttaka


Slysa- og bráðamóttaka HSS er opin allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þar er slösuðum og bráðveikum sjúklingum sinnt.

Þjónustan felst í bráðameðferð bæði vegna veikinda og slysa. Þar fara fram lífsmarkamælingar, lyfjagjafir og ýmsar skyndirannsóknir. Sár eru meðhöndluð og gips sett á fót- og handleggsbrot. Mat á ástandi sjúklinga er sífellt og starfsfólk slysa- og bráðamóttöku eru mikilvægir hlekkir í endurlífgun innan HSS og utan. Slysa- og bráðamóttaka sinnir brotaendurkomu og fylgir eftir meðferð þeirra sem þurfa á því að halda til lengri eða skemmri tíma í samvinnu við göngudeild HSS og heilsugæslu.



Læknavakt


Læknavakt utan dagvinnutíma er opin frá kl. 16:00 – 20:00 alla virka daga og frá kl. 10:00 – 13:00 og 17:00 – 19:00 á helgidögum og um helgar.




Móttaka hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða

Almenn móttaka hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er alla virka daga frá kl. 08:00 – 16:00.

Helstu ástæður komu til hjúkrunarfræðings og sjúkraliða eru blóðþrýstingseftirlit, bólusetningar, sprautugjafir, sárameðferð, saumataka, ýmis fræðsla og ráðgjöf, ferðamanna- og influensubólusetningar, símaráðgjöf, endurnýjun lyfseðla, öndunarpróf (spíró), hjartalínurit (EKG) og heyrnarvernd. Hjúkrunarfræðingar hjúkrunarmóttöku vinna einnig að ýmsum ferlum er snúa að heilsuvernd starfsmanna og skjólstæðinga HSS sem einn lið í því að efla þjónustu við Suðurnesjabúa.




Spíró og EKG



Sykursýkismóttaka


Unnið er í sykursýkismóttöku samkvæmt klínískum leiðbeiningum Landlæknis. Skjólstæðingar hitta lækni og hjúkrunarfræðing reglulega og öllum er boðið viðtal við næringarráðgjafa.



Sálfélagsleg þjónusta


Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru starfrækt tvö teymi sem sinna sálfélagslegri þjónustu fyrir íbúa allra sveitarfélaga Suðurnesja, geðteymi og forvarnar- og meðferðarteymi barna, sem starfa eftir stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda í geðheilbrigðismálum.

Teymin sinna greiningu og meðferð á algengustu geðröskunum á heilsugæslustigi ásamt því að veita meðferð og rágjöf við verðandi og nýbakaða foreldra og þá sér í lagi mæður. Geðteymið sinnir fólki 18 ára og eldri og FMTB sinnir foreldrum og börnum upp að 18 ára.




Mæðravernd

Ljósmaður á ljósmaðravakt HSS sinna mæðravernd á heilsugæslu.




Ung- og smábarnavernd

Markmið ung- og smábarnaverndar er að fylgjast með vexti og þroska barna frá fæðingu til 6 ára aldurs. Skoðanir eru framkvæmdar við 6 og 9 vikna aldur og við 3ja, 5, 6, 8, 10, 12 og 18 mánaða aldur. Þroskamat fer fram við 2 ½ árs og 4 ára aldur ásamt læknisskoðun. Börnin eru bólusett samkvæmt leiðbeiningum Landlæknisembættisins.



Heimahjúkrun

Heimahjúkrun á HSS þjónar öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Markmið heimahjúkrunar er að gera einstaklingum, sem þurfa á hjúkrun að halda, kleift að búa sem lengst heima við sem bestar aðstæður. Góð samvinna og markviss teymisvinna á sér stað milli heimahjúkrunar og sjúkradeildar HSS. Því verður öll meðferð, s.s. verkjastilling, einkenna- og líknarmeðferð, endurhæfing, lyfjaendurnýjanir, þannig hnitmiðaðri. Einnig er góð samvinna við félagsþjónustu allra sveitafélaganna á Suðurnesjum sem og við aðrar heilbrigðisstofnanir.



Skólaheilsugæsla


Grunnskólar á Suðurnesjum eru í umsjá skólaheilsugæslunnar í á HSS alls níu skólar, utan Grindavíkur. Starfssvæði skólaheilsugæslu HSS er nokkuð dreift.

Meginstörf skólaheilsugæslu felast í forvörnum í formi fræðslu, reglubundnu eftirliti með líkamlegri og andlegri heilsu barna og ónæmisaðgerðum. Hjúkrunarfræðingar veita einnig heilbrigðisfræðslu til foreldra og starfsfólks skólanna ásamt því að sinna slysum og veikindum sem upp koma á skólatíma. Hjúkrunarfræðingar sinna einnig nemendum með langvinna sjúkdóma og fötlun.


Heilsugæsla Grindavík

Heilsugæslustöðin í Grindavík er hluti af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og er opin alla virka daga frá kl. 8 til 16. Vaktþjónusta lækna er sameiginleg HSS í Reykjanesbæ eftir kl.16.


Sú þjónusta sem stendur skjólstæðingum til boða er m.a. almenn lækna- og hjúkrunarmóttaka, mæðravernd, ungbarnavernd, skólaheilsugæsla, og ónæmisaðgerðir. Auk þess eru blóðprufur teknar einu sinni í viku. Viðtöl heilsugæslulækna



Móttaka hjúkrunarfræðinga




Mæðravernd




Heilsugæsluselið í Vogum

Á heilsugæsluselinu í Vogum er boðið upp á lækniþjónustu hálfan dag í viku.



Sjúkrahús

Undir sjúkrahússvið HSS falla þrjár legudeildir; D-deild sem er sjúkradeild í Reykjanesbæ, Ljósmeðravaktin sem sinnir mæðravernd og fæðingaþjónustu og Víðihlíð í Grindavík sem er hjúkrunarheimili aldraðra.




Ljósmeðravakt

Á ljósmeðravakt HSS starfa ljósmeður allan sólarhringinn og sinna konum og fjölskyldum þeirra í barneignaférlinu.



Ljósmeðravaktin hefur fjölþætt hlutverk og er miðstöð fyrir meðgönguvernd, fæðingarþjónustu, sængurlegu ásamt göngudeildarþjónustu bæði fyrir og eftir fæðingu.

Ljósmeðravaktin er D fæðingarstaður þar sem heilbrigðar konur sem hafa enga þekktu áhættuþætti geta fætt. Á meðgöngu eru konur skimaðar fyrir áhættuþáttum og fyrir vandamálum sem gætu komið upp á meðgöngu eða fæðingu.



Fæðingadeild


Á ljósmeðravakt HSS fæddust 104 börn árið 2014. Það er nokkur fjölgun frá fyrra ári þegar 84 börn komu þar í heiminn.



Dagdeild F-deildar

Ljósmeður sinna göngudeildarþjónustu allan sólarhringinn. Helstu ástæður eru samdrættir á meðgöngu, minnkaðar hreyfingar fósturs, blæðingar, verkir, nálastungur og vandamál tengd brjóstgjöf.

Barnalæknar skoða börnin eftir fæðingu á ljósmeðravaktinni. Hluti af börnum sem fæðast á LSH eru einnig skoðuð á ljósmeðravakt.



D-deild - sjúkradeild


Starfsemi D-deildar HSS er umfangsmikil og mjög fjölbreytt. Deildin er blönduð lyf-, hand-, hjúkrunar- og endurhæfingardeild með 31 legurými.

Við deildina starfa reyndir hjúkrunarfræðingar á ýmsum sviðum og sjúkraliðar ásamt læknum með undirsérgreinar, s.s. í lungna-, hjarta-, meltingarfæra-, innkirtla-, lyf- og krabbameinslækningum ásamt sérfræðingi í almennum skurðlækningum.


Öflug dagdeildarþjónusta er starfrækt innan deildarinnar. Þar er einkum um að ræða krabbameinslyfjagjafir, blóðgjafir og sýklalyfjagjafir.

Í tengslum við deildina eru framkvæmdar smáaðgerðir á skurðstofu sem gerðar eru í staðdeygingu. Þar eru einnig framkvæmdar berkju-, maga-, ristil- og blóðruspeglanir.


Legur og þjónustuflokkar




Legutími



Aldur legusjúklinga



Dagdeild D-deildar




Víðihlíð

Í Víðihlíð í Grindavík rekur HSS hjúkrunarheimili fyrir aldraða og er þar pláss fyrir 20 skjólstæðinga í tíu einbýlissýrum og fimm tvíbýlum.


Legur

Legudögum hefur fjölgað síðustu ár og dvalir hafa lengst að meðaltali.



Aldur sjúklinga


Um helmingur vistmanna á Víðihlíð er á aldrinum 75-84 ára.



Stoðdeildir


Speglanir og smáaðgerðir

Læknar á HSS framkvæma speglanirog ýmis konar smáaðgerðir í tengslum við D-deild.



Sjúkraþjálfun


Starfsemi sjúkraþjálfunar fer fram alla virka daga frá 8-16. Sjúkraþjálfarar hafa sinnt sjúkradeild HSS auk þess að vera með göngudeild fyrir 1. stigs hjartaendurhæfingu, hreyfiseðlagerð og þjónustu við Víðihlíð.



Rannsóknadeild

Allar almennar blóðrannsóknir, þvagskoðanir og almennar sýklarannsóknir eru gerðar á rannsóknadeild HSS.


Rannsóknadeildin er opin alla virka daga frá kl. 8 - 15.30. Utan þess er vaktþjónusta til miðnættis alla daga vikunnar. Rannsóknadeildin er einnig með starfsemi á heilsugæslunni í Grindavík tvisvar í viku.



Röntgendeild/Myndgreining

Röntgendeild HSS sinnir öllum almennum röntgen- og tölvusneiðmyndarannsóknum.

Deildin er opin alla daga ársins, frá kl. 8 til 15:30 á vikrum dögum og með vaktþjónustu til miðnættis alla daga vikunnar.



Læknaritarar

Læknaritarar skrá inn í sjúkraskrárkerfið samskipti lækna og skjólstæðinga, setja inn speglunarlýsingar og aðrar smærri ambulánt aðgerðir frá skurðstofu, slysa- og bráðamóttökunótur, inn- og útskriftanótur sjúklinga af legudeild, ganga frá útskriftum og loka lotum.

Læknaritarar skrifa röntgen- og tölvusneiðmyndasvör og hvers konar læknisfræðilegar skýrslur, bréf og vottorð varðandi sjúkdóma, slys og aðgerðir. Þá sjá þeir um lyfjaendurnýjanir á rafrænu formi og senda áfram á lækni. Þeir flokka allan rafrænan póst sem berst til stofnunarinnar og áframsenda á viðeigandi aðila.

Spjaldskrá

Starfsemin felst einkum í að finna til og ganga frá sjúkraskýrslum á pappírformi, þegar um þær er beðið. Einnig að flokka bréfpóst. Á árinu 2011 byrjuðu spjaldskrárritarar að skanna inn í SÖGU gamlar sjúkraskrár skjólstæðinga HSS og er fer mestur tími spjaldskrárritara í þá vinnu í dag. Þjónustudeildir

Móttaka

Aðalstarf móttökuritarara felst í að leiðbeina og þjónusta skjólstæðinga stofnunarinnar, sjá um tímabókanir, taka við greiðslu gjaldskyldrar þjónustu, sjá um uppgjör í lok hverrar vaktar og taka saman bankagreiðslur úr kerfinu. Einnig sinna móttökuritatrar allri símaþjónustu stofnunarinnar, sjá um útköll starfsfólks, skilaboð og spjaldskrá utan dagvinnutíma.

Eldhús og býtibúr

Í eldhúsi HSS er útbúinn matur fyrir sjúklinga og starfsfólk í Reykjanesbæ og Víðihlíð. Þá sér mötuneytið um að útbúa fundarkaffi og meðlæti fyrir ýmsa viðburði á vegum stofnunarinnar.

Innkaupadeild

Innkaupadeild þjónar öllum deildum HSS og sér um innkaup á öllum hjúkrunar-, rannsóknar-, ræstinga-, skrifstofu-, einnota eldhús- og línvörum, tækjum og almennum rekstrarvörum fyrir stofnunina. Innkaupadeild þjónar 40 deildum.

Innkaupadeild hefur umsjón og eftirlit með ræstingu og þvotti fyrir HSS, en bæði eru unnin af verktökum.

Tölvu- og upplýsingatæknideild

Tölvudeildin sér um öll samskipti við notendur, sér um innviði tölvukerfisins og ber ábyrgð á að allir miðlarar og hugbúnaður séu í viðunandi ásigkomulagi. Tölvukerfið er hefðbundið með netþjónum og útstöðvum. Netþjónarnir eru í afar öruggu kældu umhverfi og mikil áhersla lögð á öryggismál og almennt tölvuöryggi í notkun útstöðva.

Upplýsingadeild

Upplýsingadeild hefur umsjón með sjúklingaupplýsingakerfum stofnunarinnar, úrvinnslu gagna og heilbrigðisupplýsinga. Einnig hefur deildin umsjón með rafrænni sjúkraskrá og samþættingu skráningar.

Gæðastjórn skráningar heyrir undir upplýsingadeild en hlutverk gæðastjórnunar er m.a. að meta gæði gagna, leiðbeina notendum og vera tengiliður stofnunarinnar við hina miðlægu þjónustueiningu Embættis landlæknis. Ársskýrsla stofnunarinnar heyrir einnig undir deildina sem og innri og ytri vefsíður HSS.

Viðhalds- og tæknideild

Starfsvæði eigna- og viðhaldsdeildar nær yfir allt starfsvæði HSS, þ.e. í Reykjanesbæ, Víðihlíð í Grindavík og heilsugæslustöðina í Grindavík og Vogum. Undir starfsemi eigna- og viðhaldsdeildar falla ýmis verkefni t.d. viðhald og viðgerðir á húsnæði og tækjakosti stofnunarinnar og eftirlit með nýframkvæmdum og tækjakaupum.

Fasteignir ríkissjóðs sjá um og kosta allar nýframkvæmdir og viðhald fasteigna, einnig aðrar meiriháttar breytingar sem eru tilkomnar vegna breyttrar starfssemi.

Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga

Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga fer með yfirstjórn fjármála HSS og ber ábyrgð á að upplýsingar um starfsemi og rekstur séu í samræmi við þarfir um áreiðanlega og virka upplýsingagjöf.

Meginviðfangsefni skrifstofu eru áætlanagerð, fjárhagsbókhald, reikningsskil, fjárstýring, innheimta krafna, starfsmannahald og launavinnsla.